



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2016

## ENSK2YL05 Yndislestur

<b>Kennari:</b>	<b>Paola Daziani</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>PD</b>
-----------------	----------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk eftir enskumælandi höfunda. Þeir gera svo grein fyrir skáldsögunum munnlega í sérstökum viðtalstímum. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum.

### Undanfari:

8+ að loknum grunnskóla eða  
8+ úr ENSK2HA05 eða  
ENSK2HA05 + ENSK2HB05

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem enska er notuð sem móðurmál
- ólíkum viðhorfum og gildum í þeim löndum þar sem enska er notuð og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins munnlega

### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa bókmenntaverk fyrir unglunga eða á sambærilegu stigi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um innihald skáldsagnanna

### Hæfniviðmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru tjáð, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og tjá skoðanir sínar munnlega
- lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu texta

- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
  - eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum
  - tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu af tiltölulega mikilli nákvæmni
- 

### **Námsefni:**

Kennslubækur, ljósrit, efni af Interneti o.fl.Bókalist hjá kennaranum.

### **Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Dæmi:

<b>Vika nr</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Námsefni - viðfangsefni</b>	<b>Próf og verkefni</b>
	25.-29.jan.		Próf 1
	15.-19.feb.		Próf 2
	14.-18.mars		Próf 3
	11.-15.apríl		Próf 4
	2.-11.mái		Próf 5

### **Sérreglur áfangans:**

Það eru fimm próf og þau gilda 20% hvert. Það er ekki lokapróf.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**